

Í tengslum við miðlægan kjarasamning ríkisins við Félag prófessora við ríkisháskóla 2025 eru undirritaðir aðilar sammála um eftirfarandi:

1. Vegna bókunar í miðlægum kjarasamningi um störf prófessora

Breytingar verða gerðar á framgangsreglum sem taka gildi þann 1. september 2025. Þar er sérstaða prófessora afmörkuð með tveimur launaþrepum í stað eins áður. Um leið er ákvæði um sérstöðu prófessora endurskoðað.

2. Endurskoðun á launaröðun

Samningsaðilar samþykkja að taka launaröðun til endurskoðunar á samningstímabilinu. Sú vinna verður unnin í samstarfi fulltrúa stéttarfélaganna og miðlægrar stjórnar skólans. Náist samstaða aðila um að taka upp nýtt virðismatskerfi, eins og kveðið er á um í bókun í miðlægum kjarasamningi mun það mat liggja til grundvallar launaröðunar, enda mun þá vera ljóst hvernig standa á að fjármögnun breytinganna. Í þessu sambandi verður m.a. horft til þess að nýta launaflokka 19 og 20, fjölda launaflokkum og endurskoðunar á bilum milli þrepa og flokka.

3. Samræming útreikninga fyrir kennslutíma

Starfshópur um samræmingu reikninga á tínum sem liggja að baki námskeiðum innan og milli sviða háskólans skal hafa fullt samráð við fulltrúa stéttarfélaganna. Að loknu samningstímabilinu verði að fullu lokið við að samræma tímaútreikninga fyrir sambærileg námskeið.

4. Um kennslu umfram kennsluskyldu – dregið úr kennsluálagi

Myndaður verður starfshópur með fulltrúum háskóla og stéttarfélaga þar sem kannaðar eru leiðir til að draga úr kennsluálagi akademískra starfsmanna. Markmiðið verði að draga sem allra mest úr kennslu umfram kennsluskyldu. Fjárhagslegur ávinningur sem myndast ef unnt er að draga úr kennslumagni verði varið í að hækka grunnlaun akademíks starfsfólks. Jafnframt mun starfshópurinn leggja til breytingar á greinum í stofnanasamningum sem kveða á um þak á fjölda vinnustunda umfram starfsskyldur. Eigi síðar en 30. apríl 2025 skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í starfshópinn og skulu fulltrúar stéttarfélaga boða til fyrsta fundar. Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. október 2025.

5. Aðkoma FPR að reglum um rannsóknámisseri


Reglum og skilyrðum sem HÍ setur um úthlutun/veitingu rannsóknámissera verður ekki breytt án samtals við stéttarfélögin líkt og á við um breytingu á starfsskyldum akademískra starfsmanna.

6. Samgöngustyrkir fyrir starfsfólk HÍ

Endurskoða þarf heildstætt núgildandi samgöngustyrkjakerfi við Háskóla Íslands. Tillögur um endurskoðun samgöngustyrks skulu liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2025.


Háskóli Íslands 03.04.2025

F.h. Háskóla Íslands


Jón Atli Benediktsson

Jón Atli Benediktsson, rektor

F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla


Sigrún Ólafsdóttir

Sigrún Ólafsdóttir, formaður FPR